

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – febrúar 2026

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 4,9%

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 4,9% og stóð í stað á milli mánaða. Í febrúar 2025 var atvinnuleysið hins vegar 4,3%.

Að meðaltali voru 9.772 atvinnulausir í febrúar, 5.849 karlar og 3.923 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fjölgaði um 24 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 8,8%.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 2,0%.

Alls komu inn 285 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í febrúar.


Atvinnulausir voru 10.128 í lok febrúar, 5.993 karlar og 4.135 konur.

Í febrúar 2026 gaf Vinnumálastofnun út 205 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 166 á höfuðborgarsvæðinu.

Í febrúar voru 201 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 1 einstaklingur var á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari lækkandi í mars og verði um 4,7-4,8%.

Þróun atvinnuleysis frá febrúar 2024 til febrúar 2026




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi stóð í stað og var 4,9% á landinu sem heild. Atvinnuleysi hækkaði lítillega eða um 0,1% á Höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum. Atvinnuleysi lækkaði mest á Vesturlandi og fór úr 4,1% í 3,7%, þá fór atvinnuleysi á Norðurlandi eystra úr 4,1% í 3,8% og á Austurlandi fór atvinnuleysi úr 3,3% yfir í 3,0%. Atvinnuleysi var 4,9% á landsbyggðinni í febrúar mánuði og 4,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 2,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í janúar og febrúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í febrúar og á meirihluta svæða. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi var 5,3% meðal karla en 4,2% hjá konum. Á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 5,1% en 4,6% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í febrúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 10.128 í lok febrúar, 5.993 karlar og 4.135 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 83 frá lokum janúar en atvinnulausum konum fjölgaði um 26.

Alls voru 2.728 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok febrúar og fækkaði um 28 frá lokum janúar.


Alls höfðu 1.784 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar. Í febrúar 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.483 og nemur fjölgunin 301 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.795 í febrúar síðastliðnum en voru 1.617 í febrúar 2025.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði ögn heilt yfir í febrúar og þróun eftir atvinnugreinum hélst nokkuð stöðug. Mest var breytingin í ferðaþjónustu þar sem atvinnulausum fækkaði um 50 og í verslun og vöruflutningum þar sem fjölgaði um 36. Þá fækkaði um 28 í iðnaði.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.828 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok febrúar og fækkaði um 82 frá því í lok janúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 58% í lok febrúar.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 10,4% í febrúar samanborið við 2,8% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.284 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok febrúar 2026



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í febrúar 2026 gaf Vinnumálastofnun út 205 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 166 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 101 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 104 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í febrúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms

eða 63 leyfi. Þá voru gefin út 46 leyfi vegna fjölskyldusameininga og 27 leyfi vegna sérfræðiþekkingar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 36%, 28% vegna þjónustustarfa og 18% vegna verkafólks. Um 29% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í febrúar 2026




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar voru gefin út 129 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 87 einstaklingar, 11 fóru til Spánar og 9 til Tékklands. Þá voru gefin út 22 vottorð til viðbótar til 9 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru
EES ríki, febrúar 2026




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 285 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 196 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 34% starfanna voru á Suðurnesjum, 33% höfuðborgarsvæðinu og 12% á Suðurlandi. Þá voru rúm 21% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í
febrúar 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í febrúar voru 201 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 1 einstaklingur var á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 140 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.